

um endurskipulagningu á olíuverslun í landinu.

Flm.: Árni Gunnarsson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra um landið. Nefndin hafi það verkefni að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu á olíuvörum innanlands, svo þær geti jafnan verið á boðstólum á lögsta verði til notenda. Nefndin hraði störfum sínum eftir mætti og skili tillögum til ríkisstjórnar og Alþingis eigi síðar en 1. ágúst 1979. Æskilegt væri, að nefndin beindi athygli sinni einkum að eftirfarandi atriðum: 1. Hugsanlegri einkasölu ríkisins á olíuvörum. 2. Sameiningu olíufélaganna. 3. Aðhaldi í rekstri félaganna og meira frjálsræði í olíuinnflutningi, er gæti aukið samkeppni í olíukaupum og olíudreifingu.

Greinargerð.

Þrjú stórfyrirtæki annast nú olíuverslun í landinu. Þeim hefur verið skylt að versla nær eingöngu við Sovétríkin á grundvelli samninga, sem ríkið hefur gert. Þeim hefur verið óheimilt að gera olíukaup annars staðar frá, nema sérstaklega hafi staðið á. Í raun hafa þessi fyrirtæki hlotið einokunaraðstöðu og í skjóli hennar haft nána samstöðu um tiltekna þætti þessara viðskipta, svo sem um verðlagningu og sölu- fyrirkomulag.

Olíufélögin hafa byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land. Hið margfalda dreifikerfi blasir víða við augum, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, á stöðum þar sem augljóslega væri fullnægjandi einn birgðageymir og ein dreifingarstöð. Það óhóf og skipulagsleysi, sem ríkt hefur í staðsetningu bensínstöðva, t. d. í Reykjavík og nágrenni, liggur í augum uppi. Sama gildir um landsbyggðina, þar sem olíufélögin eru með marga bensíngeyma hlið við hlið. Þetta sýnir bruðl og óhagkvæmni í bensíndreifingunni. Þarna eru ekki lagðar til grundvallar raunverulegar þarfir viðskiptamanna, heldur viðskiptalegt kapphlaup, sem hlýtur að leiða til hækkunar á bensín- og olíuverði, sem öllum þykir þegar of hátt.

Svipaða sögu má segja um dreifingu á olíu til húshitunar. Hið þrefalda sölukerfi í smáum og stórum byggðarlögum er engum til gagns, nema kannske fyrir- tækjunum sem dreifinguna annast.

Ekki verður heldur komið auga á hagræði hins þrefalda dreifikerfis fyrir sjávar- útveg, iðnað, landbúnað og annan rekstur, nema síður sé. Þvert á móti bendir margt til þess að það hafi einnig í för með sér aukin útgjöld í hækkuðu söluverði.

Þá má minna á staðsetningu hinna stóru birgðageyma um landið á vegum olíufélaganna og olíuflutningana til Íslands og um landið. Ýmislegt bendir til að einnig í þeim efnum mætti koma á meiri hagkvæmni, sem leiddi til lækkaðs olíu- verðs.

Í tillögu þessari er bent á þrjú atriði, sem nauðsynlegt er að kanna og gætu leitt til endurbóta á þessum málum.

Alþýðuflokkurinn hefur á undanfórnum árum gagnrýnt fyrirkomulag olíudreif- ingar í landinu og komið fram með tillögum og ábendingar um, hvernig þessum málum yrði betur fyrir komið. Í ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var gerð rannsókn á vissum þáttum þessa máls.

Á 93. löggjafarþingi var lögð fram tillaga svipaðs eðlis og þessi. Í henni var gert ráð fyrir að Alþingi kysi sjö manna nefnd til að gera tillögur að endurskipu- lagningu þessara mála. Tillögunni var vísað til atvinnumálanefndar, en þar náðist ekki samkomulag um hana. Meiri hluti nefndarinnar gerði það að tillögu sinni, að

málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Síðan hefur ekkert gerst og málið ugglaut dagað uppi í einhverri glatkistunni.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja benda á samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, þar sem m. a. segir orðrétt: „Skipulag olíusölu og váttryggingarmála verði endurskoðuð og leitað hagræðingar.“

Það er ákveðin og eindregin skoðun flutningsmanna, að hér á landi mætti lækka talsvert verð á hvers konar olíuvörum með meiri hagræðingu. Það er nánast fráleitt, að hér skuli starfa þrjú olíufélög, sem hafa það eitt hlutverk að dreifa olíu, sem öll er keypt í einu lagi fyrir milligöngu ríkisins. Hinn þrefaldi rekstur eykur allan dreifingarkostnað og sá kostnaður leggst á olíuverð til almennings.